

## Hinn ungi herra Brown

**H**inn ungi herra Brown kom út á stræti Salem-þorps við sólsetur; en rak höfuðið inn aftur þegar hann var stiginn yfir þröskuldinn, til að skiptast á kveðjukossi við ungu konuna sína. Og Faith, sem bar það nafn með rentu, stakk fallega kollinum sínum út á götu og lét vindinn leika við bleiku borðana á hettunni um leið og hún kallaði til herra Browns.

„Hjartað mitt,“ hvíslaði hún, mildilega og eilítið dapurlega þegar varir hennar námu við eyra hans, „vertu svo vænn að fresta för þinni til sólarupprásar og sofðu í rúminu þínu í nótt. Slíkir draumar og slíkar hugsanir sækja á einsamla konu að hún verður stundum hrædd við sjálfa sig. Ég bið þig, vertu hjá mér þessa nótt, ástkæri eiginmaður, af öllum nóttum ársins.“

„Elsku Faith mín,“ svaraði hinn ungi herra Brown, „af öllum nóttum ársins verð ég að dvelja fjarri þér þessa einu nótt. Förina, eins og þú kallar hana, verður að fara fram og aftur milli þessarar stundar og sólarupprásar. Þú efast þó ekki um mig nú þegar, mín elskulega og fallega eiginkona, við sem höfum ekki verið gift nema í þrjá mánuði?“

„Guð blessi þig þá!“ sagði Faith, með bleiku borðana, „og megir þú koma að öllu í sóma þegar þú snýrð aftur.“

„Amen!“ hrópaði herra Brown. „Farðu með bænirnar þínar, elsku Faith, og gakktu til náða við sólsetur, og þá mun þig ekkert breyta.“

Þannig skildu þau; og ungi maðurinn hélt leiðar sinnar uns hann kom að horninu við safnaðarheimilið, þá leit hann um öxl og sá Faith horfa enn á eftir sér, mædda á svip, þrátt fyrir bleiku borðana.

„Veslings Faith litla!“ hugsaði hann, því þetta snart hjarta hans. „Ég er nú meiri maðurinn að fara frá henni í ferð sem þessa! Hún

talar um drauma líka. Mér fannst ég sjá angur í svip hennar þegar hún talaði, eins og hana hefði dreymt fyrir því verki sem unnið skal í nótt. En nei, nei; tilhugsunin mundi ríða henni að fullu. Jæja, Guði sé lof fyrir þennan yndislega engil hér á jörðu og að þessari nótt liðinni skal ég hanga í pilsfaldi hennar og fylgja henni til himna.“

Með þennan góða ásetning að leiðarljósi fannst herra Brown rétt að hraða enn frekar för sem farin var í svo illum tilgangi. Hann hafði valið dimman veg, skyggðan af öllum hnípnustu trjánum í skóginum sem vék einungis óverulega svo mjór stígurinn gæti skriðið í gegn og lokaðist undireins að baki. Þetta var allt eins einmanalegt og hugsast gat; og það sérkennilega við slíka einveru er að ferðalangurinn veit ekki hver kann að leynast við alla trjábolina og gildu greinarnar uppi yfir; og því eins víst að einmanaleg fótspor hans liggja um mannþröng sem ekki sést.

„Það kann að vera djöfullegur indíáni bak við hvert tré,“ sagði herra Brown við sjálfan sig; og hann leit smeykur um öxl í sama bili og hann bætti við: „Hvað ef djöfullinn sjálfur er við hliðina á mér!“

Sem hann horfði um öxl kom hann að beygju á veginum og þegar hann leit fram fyrir sig á ný blasti við honum maður sem sat í hátíðlegum og virðulegum klæðnaði undir gömlu tré. Hann reis á fætur þegar herra Brown nálgast og gekk með honum áleiðis.

„Þú ert seinn, herra Brown,“ sagði hann. „Klukkan á Gömlu Suðurkirkjunni sló þegar ég fór í gegnum Boston og síðan eru liðnar heilar fimmtán mínútur.“

„Faith tafði mig svolítið,“ svaraði ungi maðurinn titrandi röddu, sem stafaði af skyndilegri komu félagsins, þó að hún væri ekki alls-endis óvænt.

Það var orðið mjög rokkið í skóginum og dimmast í þeim hluta sem þeir fóru nú um. Eftir því sem best varð séð var seinni ferðalangurinn um fimmtugt, augsýnilega af sömu stigum og herra Brown, og býsna áþekkur honum, en þó átti það kannski frekar við um svipbrigði en útlit. Samt hefðu þeir getað verið faðir og sonur. Og þó að eldri maðurinn væri klæddur á jafn látlausan hátt og sá yngri, og væri jafn látlaus í hátt, hafði hann hið ólýsanlega yfirbragð þess sem þekkir veröldina og hefði ekki farið hjá sér við kvöldverðarborð ríkisstjórans eða við hirð Vilhjálms konungs, ef vafstur hans hefði leitt hann þangað. En það eina við hann sem gat

talist eftirtektarvert var stafurinn, sem líktist stórum svörtum snák, og var svo haganlega gerður að hann sást allt að því liðast og hlykkjast eins og lifandi naðra. Þetta hlýtur að hafa verið sjónblekking sem brigðult ljósið stuðlaði að.

„Komdu nú, herra Brown,“ kallaði samferðamaður hans, „við förum óttalega hægt yfir og það í upphafi ferðar. Taktu stafinn minn ef þú ert orðinn þreyttur nú þegar.“

„Vinur,“ sagði hinn og nam staðar, „nú þegar ég hef staðið við samkomulagið um að hitta þig hér, hef ég hugsað mér að snúa aftur þangað sem ferð mín hófst. Ég er tvístígandi gagnvart málinu sem um ræðir.“

„Er það svo?“ svaraði sá með nöðruna og brosti í kampinn. „Við skulum samt halda áfram og ræða þetta á leiðinni; og ef mér tekst ekki að sannfæra þig skaltu snúa við. Við erum bara rétt komnir inn í skóginn.“

„Of langt! Of langt!“ hrópaði ungi maðurinn upp og gekk ósjálfrátt af stað aftur. „Faðir minn fór aldrei inn í skóginn í þessum erindagiörðum, né faðir hans á undan honum. Mitt fólk hefur verið heidvirt og kristið frá dögum píslarvottanna; og á ég að verða fyrstur úr minni fjölskyldu til að fara þessa leið og vera í“ –

„Slíkum félagsskap, vildir þú sagt hafa,“ mælti eldri maðurinn, túlkaði þögn hans. „Vel sagt, herra Brown! Ég hef þekkt fólkið þitt jafn vel og aðra hreintrúarmenn; og þá er ekki lítið sagt. Ég hjálpaði afa þínum, lögreglustjóranum, að reka kvekarakonuna með svipu eftir götum Salem; og það var ég sem færði föður þínum furukvistinn, tundraðan í mínum eigin arni, til að bera eld að indíánaþorpi, í stríði Filippusar konungs. Þeir voru báðir góðvinir mínir; og oft höfum við gengið okkur til ánægju eftir þessum stíg og snúið glaðbeittir heim aftur eftir miðnætti. Ég vil gjarnan vera vinur þinn þeirra vegna.“

„Ef þú hefur rétt fyrir þér,“ svaraði herra Brown, „undrast ég að þeir skuli aldrei hafa rætt þessi mál; eða öllu heldur þvert á móti þar sem minnsti orðrómur í þá veru hefði hrakið þá frá Nýja-Englandi. Við erum fólk bæna og allra góðra verka og umberum ekki slíka mannvonsku.“

„Mannvonska eða ekki,“ sagði ferðalangurinn með kræklótta stafinn, „ég þekki marga hér á Nýja-Englandi. Ég hef sopið messu-

vín með djáknum úr mörgum sóknum; margur borgarráðsmaðurinn í hinum og þessum borgum hefur gert mig að fyrirsvarsmanni; og meirihlutinn í héraðs- og hæstarétti fylgir mér dyggilega að málum. Við ríkisstjórinn erum líka – En það er ríkisleyndarmál.“

„Getur það verið?“ hrópaði herra Brown og horfði forviða á æðrulausan ferðafélagann. „Samt sem áður á ég ekkert erindi við ríkisstjóran og bæjarstjórnina; þeir hafa sína hentisemi og leggja ekki aumum bónda eins og mér lífsreglurnar. En ef ég held áfram með þér, hvernig á ég þá að geta horfst í augu við þann gamla góða mann, prestinn okkar í Salem? Ó, rödd hans fengi mig til þess að skjálfa jafnt á hvíldardegi sem á predikunardegi.“

Fram að þessu hafði eldri ferðalangurinn hlustað alvarlegur í bragði, eins og vera bar, en nú sprakk hann úr hlátri og hristist svo ákaflega að engu var líkara en stafurinn iðaði af samlíðan.

„Ha! Ha! Ha!“ hrópaði hann aftur og aftur; svo stillti hann sig: „Jæja, haltu áfram, herra Brown, haltu áfram; en ég bið þig, ekki drepa mig úr hlátri.“

„Ja, í stuttu máli,“ sagði herra Brown fremur argur, „þá er það konan mín, Faith. Hún yrði alveg eyðilögð, þessi elska; og þá vildi ég heldur vera það sjálfur.“

„Ef það er tilfellið,“ svaraði hinn, „þá ættirðu að halda þína leið, herra Brown. Ég vildi ekki fyrir tuttugu gamlar konur eins og þá sem haltrar fyrir framan okkur að eitthvað kæmi fyrir Faith.“

Í sömu svifum benti hann með stafnum á konu á stígnum en þar kannaðist herra Brown við afar guðrækna sómakonu sem kenndi honum kristinfræði í æsku, og var enn ráðgjafi hans í siðferðilegum og andlegum eignum, ásamt prestinum og Gookin djákna.

„Merkilegt að Goody Cloyse skuli vera þetta langt úti í óbyggðum við dagsetur,“ sagði hann. „En með þínu samþykki, vinur, ætla ég að taka krók í gegnum skóginn þangað til við komumst fram úr þessari kristnu konu. Þar sem hún þekkir þig ekki, gæti hún spurt hver sé með mér og hvert förinni sé heitið.“

„Gott og vel,“ sagði samferðamaðurinn. „Farðu inn í skóginn en ég held mig á stígnum.“

Ungi maðurinn gerði það, en gætti þess að missa ekki sjónar á félagan sínum sem leið mjúklega eftir veginum uns hann var ekki

nema staflengd frá gömlu konunni. Hún hraðaði för sem mest hún mátti, var ótrúlega fótfrá af þetta roskinni konu að vera, og tuldraði einhver ógreinileg orð – bæn eflaust – á leiðinni. Ferðalangurinn rétti fram stafinn og snerti skorpinn hálsinn með því sem virtist vera hali nöðrunnar.

„Djöfullinn!“ veinaði þessi guðrækna gamla kona.

„Goody Cloyse þekkir þá sinn gamla vin?“ sagði ferðalangurinn og virti hana fyrir sér þar sem hann hallaði sér fram á hlykkjóttan stafinn.

„Ah, einmitt, og er það yðar tign?“ veinaði þessi ágæta kona. „Já, ekki ber á öðru, og í mynd míns gamla vinar, herra Browns, afa kjánans sem nú er uppi. En – mundi yðar tign trúa því? – kústskaftið mitt er horfið með undarlegum hætti, mig grunar að óhengda nornin hún Goody Cory hafi stolið því, og það þegar ég hafði öll verið smurð með safu úr kvennafró og muru og freyjublómi“ –

„Að viðbættu fínu hveiti og fitu af nýfæddu barni,“ sagði ímynd hins gamla herra Browns.

„Ah, yðar tign þekkir uppskriftina,“ veinaði sú gamla og hneggi. „Eins og ég sagði, þar sem ég var tilbúin á fundinn, og enginn hestur til reiðar, ákvað ég að ganga þetta; því mér er sagt að vígja eigi góðan ungan mann í nótt. En ef yðar tign réttir mér nú arminn verðum við komin þangað fyrr en varir.“

„Það held ég varla,“ svaraði vinur hennar. „Arminn geturðu ekki fengið, Goody Cloyse; en hér er stafurinn minn, ef þú vilt þiggja hann.“

Svo segjandi fleygði hann stafnum fyrir fætur hennar þar sem hann kann að hafa öðlast líf því þetta var einn af þeim stöfum sem eigandinn hafði áður lánað egypsku vitringunum. Þetta gat hinn ungi herra Brown hins vegar ekki séð. Hann hafði kastað aftur höfðinu í forundran og þegar hann leit niður á ný sá hann hvorki Goody Cloyse né nöðrulega stafinn, heldur förunaut sinn einan þar sem hann beið hans sallarólegur, eins og ekkert hefði í skorist.

„Þessi gamla kona kenndi mér kristinfræði,“ sagði ungi maðurinn; og það var hafsjór af merkingu að baki þessari einföldu athugasemd.

Þeir héldu áfram göngunni á meðan eldri ferðalangurinn hvatti félagan sinn til þess að ganga greitt og hvika hvergi og hagaði orðum

sínum svo hnyttilega að röksemdir hans virtust fremur spretta úr brjósti áheyrandans en koma frá honum sjálfum. Á leiðinni greip hann hlynviðargrein og hafði fyrir göngustaf og fór að hreinsa af henni sprota og stilka sem kvölddöggin hafði vætt. Undireins og fingur hans komu við þá, visnuðu þeir og skorpnuðu með undarlegum hætti, eins og sólin hefði skinið á þá í viku. Þannig héldu mennirnir tveir áfram, og höfðu býsna hratt á hæli, þangað til herra Brown settist á trjástubb í dimmri laut á veginum og neitaði að fara lengra.

„Vinur,“ sagði hann þvermóðskulega, „ég hef gert upp hug minn. Ég fer ekki feti lengra. Hvað með það þótt vesæl kerling, sem ég hélt að færi til himna, kjósi að fara til helvítis: Er það næg ástæða til þess að ég segi skilið við mína elskulegu Faith og fari á eftir henni?“

„Þú venst hugmyndinni smátt og smátt,“ sagði kunninginn með hægð. „Sittu hérna og hvíldu þig svolitla stund; og þegar þú hugsar þér til hreyfings á ný hefurðu stafinn minn að styðjast við.“

Að svo mæltu kastaði hann prikinu til féлага síns og hvarf svo fljótt úr augsyn að engu var líkara en hann hefði horfið í æ svartara myrkrið. Ungi maðurinn sat stundarkorn við veginn og hrósaði sjálfum sér mjög og hugsaði með sér hvað hann yrði með hreina samvisku þegar hann mætti prestinum á morgungöngu sinni, hrykki ekki heldur undan augnaráði Gookins djákna, þess gamla góða manns. Og hvað hann mundi nú sofa vel í nótt, í stað þess að helga hana svo illum tilgangi, svo vært og rótt í örmum Faith! Mitt í þessum ánægjulegu og lofsverðu hugleiðingum, heyrði herra Brown hófatraðk á veginum og taldi ráðlegt að fela sig í skógarjaðrinum, gerði sér fulla grein fyrir þeim vítaverða tilgangi sem hafði dregið hann þangað þótt hann væri blessunarlega horfinn frá villu síns vegar.

Hófatraðkið og raddir reiðmannanna færðust nær, tvær virðulegar raddir sem töluðu saman alvarlegar í bragði. Þessi blanda af hljóðum virtist færast eftir veginum skammt frá felustað unga mannsins; en hvorki ferðalangarnir né fákar þeirra voru sýnilegir, eflaust sökum niðamykurs á þessum tiltekna stað. Þó að þeir strykjust við litlu greinarnar í vegarkantinum var ekki að sjá að þeir hefðu orðið varir við daufa skímuna frá björtu himinröndinni sem

þeir hlutu að hafa gengið í gegnum. Herra Brown var ýmist í hnipri eða tyllti sér á tá, dró greinarnar til hliðar og teygði álkuna eins langt og hann þorði án þess að greina svo mikið sem skugga. Það ruglaði hann þeim mun meira í ríminu vegna þess að hann hefði getað svarið, ef slíkt væri í boði, að þetta voru raddir prestsins og Gookins djákna þar sem þeir hössuðust áfram í rólegheitum, eins og þeir gerðu þegar þeir voru á leið í vígsluathöfn eða á prestastefnu. Meðan enn heyrðist til þeirra nam annar knapinn staðar til þess að reyta písk.

„Af þessu tvennu, séra,“ sagði rödd sem líktist rödd djáknans, „vildi ég frekar missa af vígslukvöldverði en fundinum í kvöld. Mér er sagt að sumir úr félagsskap okkar komi frá Falmouth og lengra að og aðrir frá Connecticut og Rhode Island, auk nokkurra galdralækna úr röðum indíána sem vita á sína vísu næstum jafn mikið um djöfulskap og okkar besta fólk. Þar að auki stendur til að vígja fallega unga konu.“

„Ljómandi fyrirtak, Gookin djákni!“ svaraði gamli presturinn hátíðlega. „Sláðu undir nára svo við verðum ekki seinir. Þú veist að ekkert verður gert fyrr en ég mæti á staðinn.“

Aftur heyrðust hófaskellir; og raddirnar, sem ómuðu svo skringilega um loftið, bárust um skóginn þar sem engin sóknarbörn höfðu nokkurn tíma komið saman eða einsamall kristinn maður lagst á bæn. Hvert gat fór þessara helgu manna þá verið heitið svo langt úti í hinum heiðnu óbyggðum? Hinn ungi herra Brown greip í tré sér til stuðnings, var við það að lyppast niður, máttlaus og þjakadur af sínu sjúka hjarta. Hann leit til himins, vissi ekki hvort það væri í raun og veru himinn yfir honum. Samt var blái boginn þarna og stjörnurnar að lýsast á honum.

„Með himininn uppi yfir og Faith fyrir neðan mun ég áfram standa keikur gegn djöflinum!“ hrópaði herra Brown.

Meðan hann horfði enn upp í djúpan himinbogann og hafði lyft höndum í bæn, óð ský yfir háhvelfinguna, þótt ekki hreyfði vind, og faldí stjörnurnar sem voru að lýsast. Blár himinninn var enn sýnilegur, nema beint fyrir ofan, þar sem svartí skýjabakkinn feyktist hraðbyri norður á bóginn. Um loftið fór ruglingslegur og undarlegur kliður. Einu sinni þóttist heyrandinn greina mállýsku sveitunga sinna, karla og kvenna, bæði guðrækinna og guðlausra, en

marga þeirra hafði hann hitt við altarisgöngu og til annarra hafði hann séð í ýfingum á kránni. Í næstu andrá var hann ekki viss nema þetta hefði einungis verið muldrið í gamla skóginum, hvísl án þess að bærði vind, svo ógreinileg voru hljóðin. Síðan kom önnur bylgja af þessum kunnuglegu tónum, sem heyrðust daglega í sólskininu í Salem-þorpi, en ekki fyrr en nú úr næturskýi. Þarna var ein rödd, ungrar konu sem fór með kveinstafi, samt af hvikulli depurð, og bað einhvers greiða sem fengi henni hryggðar ef hann yrði gerður; og allur hinn óséði fjöldi, jafnt syndugir sem syndlausir, virtist hvetja hana áfram.

„Faith!“ æpti herra Brown fullur angistar og örvæntingar; og bergmál skógarins hæddi hann með því að hrópa „Faith! Faith!“ eins og ringluð vesalmenni leituðu hennar um gervallar óbyggðirn-ar.

Það gætti sorgar, reiði og skelfingar í öskrunum sem enn nístu nóttina þar sem hinn óhamingjusami eiginmaður hélt niðri í sér andanum og beið eftir svari. Það heyrðist öskur, sem drukknaði undireins í háværrara muldri og dúraði niður í fjarlægán hlátur í þann mund sem dimmt skýið sópaðist burt og skildi eftir heiðan og hljóðan himin fyrir ofan herra Brown. En eitthvað sveif léttilega að ofan og kræktist í trjágrein. Ungi maðurinn greip það og sá að það var bleikur borði.

„Hún Faith mín er farin!“ veinaði hann eftir að hafa verið sem lamaður eitt andartak. „Það er ekkert gott á jörðu; og syndin er orðið tóm. Komdu, djöfull; því að þér er þessi heimur gefinn.“

Og viti sínu fjær af örvæntingu, svo að hann hló hátt og lengi, greip herra Brown stafinn sinn og lagði af stað á ný, fór svo greitt að hann virtist fljúga eftir skógarstígnum fremur en ganga eða hlaupa. Stígurinn varð grófari og drungalegri og verr mótaður og hvarf að lokum svo hann var þarna mitt í þessum dimmu óbyggðum, steðjaði enn áfram af eðlisávísun sem beinir dauðlegum manni að hinu illa. Um allan skóg endurómuðu hræðileg hljóð – brestir í trjám, spangól í villidýrum og öskur indíána; en stundum glumdi í vindinum eins og í kirkjuklukku í fjarska og stundum rumdi hann mikinn umhverfis ferðalanginn, eins og náttúran öll kvæði við með hæðnishlátri. En hann var sjálfur aðal hryllingurinn á svæðinu og hrökk ekki undan öðrum hryllingi.

„Ha! Ha! Ha!“ öskraði herra Brown þegar vindurinn hló að honum. „Við skulum sjá hver hlær hæst. Gerðu þér engar grillur um að hræða mig með djöfulskap þínum. Kom þú norn, kom þú galdrakarlf, kom þú töfralæknir indíánanna, kom þú djöfull og hér kemur herra Brown. Þið getið allt eins óttast hann eins og hann ykkur.“

Í sannleika sagt gat varla verið nokkuð uggvænlegra en herra Brown í þessum draugaskógi. Hann geystist áfram milli svartra furutrjáanna, sveiflaði stafnum af hamsleysi og gaf ýmist andstyggilegu guðlasti lausan tauminn eða hló með þvítíkum sköllum að allt bergmál skógarins hló eins og þúki í kringum hann. Fjandinn í sinni mynd er engan veginn eins ljótur og þegar hann hamast í brjósti manns. Þannig hraðaði hinn djöfulóði för sinni þangað til hann sá rautt ljós flökta á milli trjáanna, eins og þegar kveikt hefur verið í felldum trjábolum og greinum í rjóðri svo ægilegur bjarmi teygir sig til himins um miðnæturbil. Hann staldraði við, þegar hlé varð á ofviðrinu sem hafði knúið hann áfram, og heyrði í fjarska óm þess sem virtist vera sálmur, kveðinn hátíðlega af margradda kór. Hann þekkti lagið; kórinn í þorpskirkjunni söng það iðulega. Versið fjar-  
aði þunglamalega út en kór dró seiminn, ekki mennskur heldur kór sem var myndaður af öllum hljóðum myrkvaðra óbyggðanna í hryllilegum samhljómi. Herra Brown öskraði upp en heyrði ekki öskrið í sjálfum sér vegna þess að það rann saman við öskur auðnarinnar.

Í þögninni sem varð á milli stalst hann áfram þar til ljósið tók að skína skært í augu hans. Yst á opnu svæði, sem var umkringgt dökkum skógarveggnum, reis klettur sem líktist ýmist altari eða predikunarstól, og umhverfis voru fjögur logandi furutré, krónurnar í björtu báli, stofnarnir ósnertir, eins og kerti á kvöldfund. Laufskróðið sem sveipaði efsta hluta klettsins var eitt eldhaf, logarnir teygðu sig hátt upp í nóttina og lýstu holt og bolt upp svæðið. Sérhver slútandi grein og laufsveigur skíðlogaði. Með flökti rauða ljóssins lýstist mannmargur söfnuður upp, hvarf síðan í skugga, og óx svo eins og út úr myrkrinu og mannaði í einni svipan hjarta þessa einmanalega skógar.

„Alvöruþrungið og dökkklætt fólk,“ varð herra Brown að orði.

Það voru orð að sönnu. Á meðal þeirra andlita sem hvörfluðu milli dimmu og ljóma voru nokkur sem sæjust daginn eftir á sveitarstjórnarfundum og önnur sem horfðu guðhræddum augum til himins og litu góðlátlega yfir þéttsetna kirkjubekkina úr helgustu predikunarstólum landsins. Sumir staðhæfa að ríkisstjórafrúin hafi verið þarna. Allt að einu voru þarna finar frúr sem hún þekkti vel, og konur virtra manna, og fjölmargar ekkjur, og fjörgamlar meyjar, allar í miklum metum, og fagrar ungar stúlkur sem nötruðu af ótta við að mæður þeirra sæju þær. Annaðhvort glöptu snögg ljósleiftrín herra Brown sýn, eða þá hann þekkti allmarga safnaðarmeðlimi frá Salem sem voru kunnir að ærum heilagleika. Gookin gamli djákni var mættur og beið við jakkalöf hins virta guðsmanns, hins dáða sóknarprests síns. En þarna, í lítt virðulegu samneyti við þetta alvörubrungna, nafntogaða og guðrækna fólk, þessa öldunga kirkjunnar, þessar hreinlífu konur og fersku meyjar, voru menn sem stunduðu lastafullt líferni og konur með flekkað orðspor, óþokkar sem höfðu gefið sig illsku og sora á vald og voru jafnvel grunaðir um viðurstygglega glæpi. Það var ankannalegt að hinir góðu skyldu ekki hrökkva undan hinum illu, né voru hinir syndugu feimnir við guðsmennina. Innan um bleika óvini sína voru indíánaprestar, eða galdralæknar, sem höfðu oft skelft skógana með herfilegri særingarþulum en enskir galdrar bjuggu yfir.

„En hvar er Faith?“ hugsaði herra Brown; og um leið og vonin snart hjarta hans, fór skjálfti um hann.

Annað sálmafers upphófst, hægur og dapurlegur ómur, eins og heilagur kærleikurinn, en rann saman við orð er lýstu öllu því sem náttúra okkar fær hugsað um synd og gaf annað í skyn með myrkum hætti. Fræði fjenda eru óskiljanleg dauðlegum mönnum. Hvert erindið af öðru var sungið; en samt svall kór eyðimerkurinnar á milli eins og dýpsti tónninn í miklu orgeli; og með lokahljómi þessa hræðilega lofsöngs fylgdi hljóð, eins og öskrandi vindurinn, ólgandi lækirnir, gólandi skepnurnar og aðrar raddir í ósamstilltum óbyggðunum blönduðust og rynnu saman við rödd sakbitna mannsins sem sór prinsu allsherjar hollustu. Logandi fururnar fjórar sendu upp hærri eldstólpa og afhjúpuðu óljós form og ásjónur hryllings á reykjarkrönsum uppi yfir hinni óguðlegu samkomu. Í sömu andrá teygði eldurinn á klettinum fram rauðleita tungu og

myndaði flæðandi boga við ræturnar þar sem nú birtist mannsmynd. Með fullri virðingu sé það sagt að mannsmyndin líktist ekki lítið, jafnt í klæðaburði sem háttum, æruverðugum klerki úr hverri sókna Nýja-Englands.

„Leiðið fram trúskiptingana!“ öskraði rödd sem endurómaði um svæðið og hvarf inn í skóginn.

Á samri stundu steig herra Brown fram úr skugga trjáanna og gekk að söfnuðinum sem honum fannst hann eiga andstyggilega samleið með vegna þess að í hjarta sér fann hann til með öllu því illa. Hann hefði allt að því getað svarið að sköpulag föður hans heitins gæfi sér bendingu um að koma þar sem hann horfði niður úr reykjarkransi meðan kona með óljósan örvæntingarsvip bandaði honum frá. Var það móðir hans? En hann hafði enga orku til að hörfa svo mikið sem eitt skref, né streitast á móti, ekki einu sinni í huganum, þegar presturinn og Gookin gamli djákni tóku undir handleggina á honum og leiddu hann að logandi klettinum. Þangað kom líka pasturslítið form sveipaðrar konu sem þær leiddu á milli sín, þær Goody Cloyse, sá guðrækni kristinfræðikennari, og Martha Carrier, sem djöfullinn hafði lofað að gera að drottningu heljar. Hún var hamslaus norn. Og þarna stóðu trúskiptingarnir undir eldhafinu.

„Velkomin, börnin mín,“ sagði dökka veran, „á þessa samkomu ykkar líka. Ung að árum hafið þið fundið eðli ykkar og örlög. Lítið aftur fyrir ykkur, börnin mín!“

Þau sneru sér við; og þá lýstust djöfladýrkendurnir upp, á logandi tjaldi; draugslegt velkomandabros á hverri ásjónu.

„Þarna,“ hélt hin myrka mannsmynd áfram, „eru þau öll sem þið hafið borið lotningu fyrir frá barnæsku. Þið álituð þau heilagari en ykkur sjálf og skömmuðust ykkar fyrir syndsemina, báruð hana saman við ráðvendni þeirra og bænærknar þrjár eftir himnaríki. Samt eru þau öll á tilbeiðslusamkomu minni. Í nótt fáið þið að vita hvað þau hafa brallað á laun: hvernig gráskeggjaðir öldungar kirkjunnar hafa hvíslað léttúðug orð að ungmeyjunum á heimilum sínum; hvernig mörg konan, gírug í sorgarklæði ekkjunnar, hefur gefið eiginmanni sínum drykk á háttatíma og látið hann sofna hinum síðasta blundi við barm sér; hvernig skegglaus ungmenni hafa flýtt sér að erfa auð föðurins; og hvernig fagrar stúlkur – roðnið ekki,

mín kærú – hafa grafið litlar grafir í garðinum og boðið mér einum gesta í jarðarför ungbarns. Sökum samúðar ykkar mannlega hjarta með syndinni munuð þið þefa uppi alla staði – hvort heldur er í kirkju, svefnherbergi, á götu, akri eða í skógi – þar sem glæpur hefur verið framinn og fagna því að sjá jörðina alla sem eitt lastabæli, einn risastóran blóðfleck. Og það sem meira er: Það kemur í ykkar hlut að sjá í hverju brjósti hið mikla leyndarmál syndarinnar, uppsprettu allra kænskubragða, sem leggur án afláts til meira af illum hvötum en mannlegur máttur – en allur minn máttur – getur látið birtast í gjörðum. Og lítið nú, börnin mín, hvert á annað.“

Þau gerðu það; og við loga heljarkyndlanna sá veslings maðurinn hana Faith sína, og konan mann sinn, nötra við þetta óhelga altari.

„Sjá, þarna standið þið, börnin mín,“ sagði mannveran í djúfum og hátíðlegum tón, næstum dapurlegum í skelfilegri eynd sinni, eins og engilsinnrætið, sem hann hafði áður, meгнаði enn að syrgja okkar vesæla flokk. „Þið höfðuð reitt ykkur hvert á annars hjarta og vonað að dyggðin væri ekki bara draumur. Nú hafa augu ykkar lokist upp. Illskan er eðli mannkyns. Illskan skal vera eina gleði ykkar. Velkomin enn á ný, börnin mín, á þessa samkomu ykkar líka.“

„Velkomin,“ endurtóku djöfladyrkendurnir einum rómi, í senn örventingarfullir og sigri hrósandi.

Og þarna stóðu þau, eina parið að því er virtist, sem enn hikaði við skör illskunnar í þessari dimmu veröld. Skál í klettinum var vígð á náttúrulegan hátt. Var í henni vatn, roðið af logarauðu ljósinu? eða var það blóð? eða kannski fljótandi logi? Í hana dýfði birtingarmynd hins illa hendinni og bjóst til að setja mark skírnar á enni þeirra, svo að þau mættu vera þátttakendur í leyndardómum syndarinnar, gera sér betri grein fyrir leyndri sekt annarra, bæði í orðum og gjörðum, en þau gætu gert sér fyrir sinni eigin. Eiginmaðurinn leit sem snöggvast á fölu konuna sína og Faith á hann. Hversu spillt mundu þau ekki birtast hvort öðru við næsta augnatillit, nötrandi bæði yfir því sem þau afhjúpuðu og því sem þau sáu!

„Faith! Faith! hrópaði eiginmaðurinn, „horfðu til himins og veittu hinum illa viðnám.“

Hvort Faith hlýddi vissi hann ekki. Hann hafði varla sleppt orðinu þegar hann stóð einn síns liðs í kyrri nóttinni, hlustaði á

rokurnar í vindinum sem dúruðu þunglamalega niður í skóginum. Hann skjögraði að klettinum og fann að hann var kaldur og rakur; en hangandi trjágrein, sem hafði skíðlogað, sáldraði ískaldri döggi á vanga hans.

Morguninn eftir gekk hinn ungi Brown hægt út á stræti Salemþorps og horfði í kringum sig eins og ráðvilltur maður. Gamli góði presturinn var á göngu meðfram kirkjugarðinum til að örva matarlystina fyrir morgunverðinn og íhuga predikunina sína, og veitti herra Brown blessun um leið og hann fór hjá. Hann hrökk undan þessum helga manni eins og til að forðast bannfæringu. Gookin gamli djákni var við tilbeiðslu heima hjá sér og heilög orðin í bæn hans heyrðust út um opinn gluggann. „Til hvaða guðs biður galdra-karlinn?“ varð herra Brown að orði. Goody Cloyse, sú trúrækna gamla kona, stóð í morgunsólinni við hliðið hjá sér og spurði litla stúlku, sem hafði fært henni pott af nýmjólk, út úr guðspjöllunum. Herra Brown hrifsaði burt barnið eins og úr greipum dauðans sjálfs. Þegar hann kom fyrir hornið á safnaðarheimilinu sá hann í kollinn á Faith, með bleiku borðana, þar sem hún svipaðist óþreyju-full um og hún varð svo glöð að sjá hann að hún hljóp eftir götunni og hafði næstum kysst mann sinn frammi fyrir öllu þorpinu. En herra Brown horfði hörkulega framan í hana og hélt áfram án þess að heilsa.

Hafði herra Brown sofnað í skóginum og einungis dreymt óráðsdraum um nornafund?

Svo kann að vera; en, vei! sá draumur boðaði illt fyrir hinn unga Brown. Hann varð harðneskjulegur maður, myrkur í hugsun, tortrygginn, ef ekki örvæntingarfullur, frá þeirri nóttu sem hann dreymdi þennan hræðilega draum. Á hvíldardeginum, þegar söfnuðurinn söng helgan sálm, gat hann ekki hlustað vegna þess að lofsöngur syndarinnar þaut fyrir eyrum hans og yfirgnæfði hinn helga óm. Þegar presturinn talaði úr stólnum af andríki og eldmóði, og með höndina á opinni Biblíu, um hin heilögu sannindi trúarinnar, og um dyggðugt líf og sigri hrósandi dauða, og um framtíðarsælu eða ósegjanlega pínu, þá fölnaði herra Brown, óttaðist að þakið mundi hrynja ofan á þennan gráa guðlastara og tilheyrendur hans. Oft þegar hann vaknaði skyndilega um miðnætti hrökk hann frá brjósti Faith; og við morgun- eða kvöldverð, þegar fjölskyldan

lagðist á bæn, yggldi hann sig og tautaði í barm sér og starði kuldalega á konu sína og sneri burt. Og þegar hann hafði lifað lengi og var borinn til grafar sem liðið lík, og Faith fylgdi honum, öldruð kona, og börnin og barnabörnin, talsverður fjöldi, fyrir utan ófáa nágranna, hjuggu þau ekki vonglatt vers á legsteininn, því dauðastund hans var myrk.

Rúnar Helgi Vignisson þýddi